



Borgarráð

Reykjavík, 31. mars 2025

MSS25030148

### **Tillögur vegna aðalfundar SORPU bs.**

Boðað hefur verið til aðalfundar SORPU bs. miðvikudaginn 9. apríl 2025. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi SORPU bs:

- Ársreikningur lagður fram til samþykktar
- Kosning löggilts endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Lagt er til að framangreindar tillögur verði samþykktar.

Þá leggur tilnefningarnefnd Reykjavíkurborgar fram breytingu á fulltrúa aðal- og varamanns Reykjavíkurborgar í stjórn SORPU bs. fyrir borgarráð.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund SORPU bs. sem haldinn verður 9. apríl 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundargögn aðalfundar SORPU bs. 2025.



**Reykjavík**



# Aðalfundur

Aðalfundur SORPU bs. árið 2025 , vegna starfsársins 2024, verður haldinn miðvikudaginn 9. apríl 2025, klukkan 16:00, á skrifstofu SORPU, Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

## DAGSKRÁ:

Farið yfir skýrslu stjórnar – **Árelía E. Guðmundsdóttir, formaður stjórnar**

Umhverfisskýrsla kynnt – **Gyða S. Björnsdóttir, umhverfis- og gæðastjóri**

Mikilvægt rusl – **Halldór Armand, rithöfundur**

Ársreikningur lagður fram – **Pórhallur Hákonarson, fjármálastjóri**

Kosning löggilts endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Önnur mál

Aðalfundur er opinn kjörnum fulltrúum í sveitastjórnnum eigenda, fjölmiðlum og öðrum áhugasömum.

***Léttar veitingar í boði, hlökkum til að sjá ykkur.***

**SORPA bs.**  
**Ársreikningur 2024**

Köllunarklettsvegur 1  
104 Reykjavík

Kt. 510588-1189

# Efnisyfirlit

---

Áritun óháðs endurskoðanda .....	1
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymi .....	9
Skýringar .....	10
Sundurliðanir .....	17

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í SORPU bs.

## Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning SORPU bs. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og á öðrum vettvangi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru m.a. skýrsla stjórnar sem fylgir ársreikningi, ársskýrsla og önnur upplýsingagjöf. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglegra tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- \* Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- \* Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- \* Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- \* Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- \* Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 5. mars 2025

---

Theodór S. Sigurbergsson

lögiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

---

## Rekstur og afkoma:

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningssskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi samlagsins er meðhöndlun úrgangs. Fjöldi ársverka var 162.

Kynjahlutfall stjórnar er jafnt, 3 konur og 3 karlar.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 262.545.766 kr. Hrein eign félagsins í lok ársins nam 6.037.093.493 kr. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

## Þróun í starfsemi félagsins og markverðir atburðir:

SORPA gekk í gegnum miklar breytingar á árinu 2023 sem höfðu mikil áhrif á rekstrar- og tekjulíkan félagsins og hélt sú umbreyting áfram á árinu 2024. Áhersla á hringrásarhagkerfið, ábyrga og rekjanlega úrvinnslu úrgangs með sérstakri áherslu á að koma úrgangi ofar í úrgangspríyrninginn reyndi á starfseminna og starfsfólk, sem stóð sig einstaklega vel á árinu.

Aukinn fyrirsjáanleiki í áætlanagerð og rekstri auðveldaði einnig félaginu að takast á við þessar breytingar.

Sérsofnun og samræming hennar á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2023 breytti samsetningu úrgangs sem barst SORPU og hafði veruleg áhrif á starfseminna á árinu 2024. Áhersla í rekstri var að finna bestu afsetningaleiðir og gæta um leið að hagkvæmni vinnslu og afsetningar. Mun minna magn rataði í urðun á árinu en fyrri ár og minnkaði magn í urðun um 90% frá 2023 sem er umfram áætlanir sem gerðu ráð fyrir 70% minnkun á magni í urðun. Afsetningaleiðir urðu dýrari á árinu og kemur það glögglega fram í auknum kostnaði byggðarsamlagsins á síðari hluta ársins.

Vegna breyttra áherslna í rekstri og aukinnar áhættu í vinnslu og afsetningu úrgangs var skipulag áhættustjórnunar breytt á árinu 2024 en áhættunefnd var færð til í skipulagi og er nú undirnefnd stjórnar SORPU. Hlutverk áhættustjóra var skilgreint og er nú markvisst unnið með áhættugreiningar í verkefnum og rekstri. Skilgreindar hafa verið lykiláhættur og þeim stýrt. Hlutverk áhættustjóra er að innleiða menningu og innra verklag með það að markmiði að minnka áhættu SORPU og eigna.

SORPA hefur einsett sér að koma mestum hluta úrgangs úr urðun í samræmi við markmið laga um meðhöndlun úrgangs sem tóku breytingum í byrjun ársins 2024, og mun sá ásetningur einkenna rekstur SORPU á næstu árum. Ljóst er að mikil tækifæri liggja í aukinni verðmætasköpun úr úrgangi og markmið SORPU er að leggja grunn að nýsköpun og þróun í þeim efnun.

Sú breyting sem gerð var á söfnun úrgangs við heimili á árinu 2023 skilaði strax við innleiðingu mun betri endurvinnsluefnum, sem er ein meginforsenda þess að GAJA skili þeim árangri í moltugerð sem stefnt er að. Frá 1. október 2023 hefur GAJA eingöngu móttengið sérsafnaðar matarleifar og var rekstri forvinnslulínunnar í Gufunesi hætt þann sama dag. Þessi breyting á sérsofnun leiddi til þess að flokkunarlinan sem SORPA hafi keypt hefur nú verið tekin niður og verður afskrifuð á árunum 2024 og 2025. Unnið er að því að koma flokkunarlinunni í sölu.

Árið 2024 er fyrsta heila árið sem SORPA urðar hvorki lífrænt efni né bagga með blönduðum úrgangi í Álfsnesi, í takt við viðauka við eigendasamkomulag SORPU frá nóvember 2023. Viðaukinn markar tímamót í starfsemi SORPU sem hefur frá stofnun haft rekstur urðunarstaðar sem hluta af kjarnastarfsemi sinni. Með því að hætta urðun lífræns úrgangs gerir SORPA ráð fyrir að mikið dragi úr losun oróúrhúsalofttequnda frá starfsemi samlagsins á næstu 10-15 árum.

Uppfærsla upplýsingakerfa er í stöðugri vinnslu og til að mæta auknum kröfum í sjálfvirkni þjónustu og öryggi upplýsingatæknikerfa var ráðinn upplýsingatæknistjóri til að stýra þeirri vinnu og hóf hann störf í september 2024. Nauðsynlegt verður fyrir SORPU að fjárfesta í upplýsingatæknikerfum og gervigreind til aukinnar sjálfvirkni á næstu árum ásamt fjárfestingum til að uppfylla Evrópu staðla um upplýsingtækni öryggi (NIS2) sem fyrirséð er að verði lögfest á árinu 2025.

Á árinu 2024 var mikið hagrætt á rekstri SORPU og markvisst unnið að því að einfalda reksturinn, m.a. með því að draga úr aðkeyptri vinnu þar sem því er viðkomið og nýta starfsfólk félagsins betur og gefa þeim tækifæri á starfsþróun. Mun ávinningur af þessum hagræðingarverkefnum koma fram á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins 2025.

Mikið var fjárfest í tækjum á árinu 2024 bæði vegna endurnýjunarþarfar og vegna innvistar þar sem keyptur var tækjabúnaður sem áður hafði verið leigður af verktökum.

Ákveðið var að aðskilja rekstur gashreinsistöðvarinnar sem vinnur gas sem kemur frá urðunarstaðnum og GAJU frá rekstri SORPU og sameina við rekstur Metan ehf., félags í 100% eigu SORPU bs. Markmiðið með þessu er að aðskilja vinnslu og sölu á metangasi frá rekstri SORPU og gera hann markvissari. Voru allar eignir SORPU er tengjast gashreinsistöðinni færðar frá SORPU yfir til Metan með hækkun eigin fjár Metan.

Stefnt er að fyrstu skóflustungu að nýrri endurvinnslustöð á Lambhaga í Reykjavík í maí 2025 og að stöðin verði opnuð vorið 2026.

#### **Megináhætta og óvissupættir:**

Stefna og breyting stjórnvalda varðandi lög og reglur vegna úrgangsmála hefur bein áhrif á rekstur SORPU. Unnið er að því að auka fyrirsjáanleika breytinga sem geta valdið því að SORPA þurfi að bregðast við breyttum ferlum, takmörkunum og reglum um meðhöndlun úrgangs með skömmum fyrirvara. Slíkar breytingar hafa kallað á auknar fjárfestingar og valdið auknum rekstrarkostnaði byggðasamlagsins.

Gengið var frá sátt við ESA um aðskilnað á lögbundinni starfsemi SORPU frá efnahagslegri starfsemi. Starfshópur vinnur nú að tillögum að framtíðar skipulagi SORPU sem verður í samræmi við sáttina við ESA. Þarf breytt skipulag SORPU að vera komið til framkvæmda eigi síðar en 1.1.2027.

SORPA tók við söfnun á textíl á grenndar- og endurvinnslustöðvum um mitt ár 2024 vegna breytinga á kröfum í lögum um söfnun á textíl í nærumhverfi. Verkefnið gekk vel á árinu. Blikur á lofti á markaði fyrir textíl til endurvinnslu í Evrópu undir lok ársins 2024 skapa áskoranir sem takast þarf á við á árinu 2025

#### **Fjármögnun og vaxtastig:**

Óverðtryggðir vextir hafa verið að lækka síðustu misseri og hefur það jákvæð áhrif á rekstur SORPU. Byggðasamlagið er einungis fjármagnað með lánum í íslenskum krónum og því er gengisáhætta ekki til staðar.

Á árinu 2025 verða ný lán tekin hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna nýja endurvinnslustöð á Lambhaga og til að endurfjármagna eingreiðslulán sem tekið var hjá Íslandsbanka á árinu 2019. Er reiknað með lækkandi vaxtakostnaði félagsins á næstu árum vegna framangreindra vaxtabreytinga.



### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra:

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra SORPU bs. er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í lok tímabilsins og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Eigendur í upphafi og lok tímabilsins eru:

Reykjavík .....	58,3%	1.099.813.104
Kópavogur .....	15,4%	290.021.776
Hafnarfjörður .....	12,6%	237.286.499
Garðabær .....	6,9%	130.066.647
Mosfellsbær .....	4,7%	88.541.017
Seltjarnarnes .....	2,2%	41.233.525
	<b>100,0%</b>	<b>1.886.962.568</b>

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. mars 2025

Framkvæmdastjóri:

# Rekstrarreikningur 2024

<b>Rekstrartekjur</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2024</b>	<b>2023</b>
Þjónustutekjur .....		7.690.477.715	6.590.546.510
Aðrar tekjur .....		<u>87.495.591</u>	<u>77.810.459</u>
		<u>7.777.973.306</u>	<u>6.668.356.969</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	2.484.082.811	2.215.594.044
Rekstrarkostnaður .....		4.144.735.159	3.679.876.170
Afskriftir .....	5	<u>657.678.518</u>	<u>453.598.580</u>
		<u>7.286.496.488</u>	<u>6.349.068.794</u>
		<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>319.288.175</b>
		491.476.818	
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		13.282.509	20.229.725
Vaxtagjöld .....		(242.378.607)	(257.479.517)
Gengismunur .....		(2.011.143)	(118.147)
Áhrif dótturfélaga .....	6	<u>2.176.189</u>	<u>8.903.735</u>
		<u>(228.931.052)</u>	<u>(228.464.204)</u>
		<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>90.823.971</b>
		<u>262.545.766</u>	<u>90.823.971</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	2024	2023
<b>Fastafjármunir</b>			
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Fasteignir .....		6.309.948.262	6.301.387.158
Áhöld og tæki .....		1.503.084.698	1.915.911.264
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir samtals</b>	5	<u>7.813.032.960</u>	<u>8.217.298.422</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	6	272.743.292	28.951.694
Bundnar bankainnstæður .....		159.013.224	146.697.134
<b>Áhættufjárm. og langtímakr. samtals</b>		<u>431.756.516</u>	<u>175.648.828</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>8.244.789.476</u>	<u>8.392.947.250</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	2,8	337.664.803	563.199.737
Kröfur á tengda aðila .....	7	414.568.990	418.803.187
Aðrar skammtímakröfur .....		612.725	491.947
Handbært fé .....	2	508.650.736	297.730.517
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>1.261.497.254</u>	<u>1.280.225.388</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>9.506.286.730</u>	<u>9.673.172.638</u>

# 31. desember 2024

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2024	2023
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		1.886.962.568	1.886.962.568
Óráðstafað eigið fé .....		4.150.130.925	3.887.585.158
<b>Eigið fé samtals</b>	9	<u>6.037.093.493</u>	<u>5.774.547.726</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skuldbindingar</b>			
Skuldb. v/ábyrgðar á urðunarst. ....		161.931.187	152.260.598
Skuldb. vegna endurvinnslustöðva .....		325.039.104	330.731.277
<b>Skuldbindingar samtals</b>	11	<u>486.970.291</u>	<u>482.991.875</u>
<b>Langtímalán</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	10	1.924.941.993	2.033.316.336
<b>Langtímalán samtals</b>		<u>1.924.941.993</u>	<u>2.033.316.336</u>
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		<u>2.411.912.284</u>	<u>2.516.308.211</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	2	454.628.871	692.954.319
Skuldir við tengda aðila .....	7	27.945.802	101.839.513
Ýmsar skammtímaskuldir .....		359.430.180	357.524.998
Næsta árs afb. langtímaskulda .....	10	215.276.100	229.997.871
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>1.057.280.953</u>	<u>1.382.316.701</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>3.469.193.237</u>	<u>3.898.624.912</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>9.506.286.730</u>	<u>9.673.172.638</u>

## Sjóðstreymi 2024

<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2024</b>	<b>2023</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		262.545.766	90.823.971
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfj. ....		657.678.518	453.598.580
Tap (hagn) af sölu á varanl. rekstrarfj. ....		(157.333)	(15.330.366)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....		(2.176.189)	(8.903.735)
Verðbætur og gengismunur .....		103.873.075	117.047.825
Hreint veltufé frá rekstri		1.021.763.837	637.236.275
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) á rekstrart. kröfum .....		229.648.353	(474.027.579)
Hækkun (lækkun) á rekstrart. skuldum .....		(310.313.977)	80.973.678
Handbært fé frá rekstri		941.098.213	244.182.374
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfestingar .....		(512.413.610)	(789.304.589)
Söluverð fastafjármuna .....		1.831.290	49.461.145
Breyting bundinna innstæða .....		(12.316.090)	(9.353.628)
Fjárfestingarhreyfingar		(522.898.410)	(749.197.072)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða .....		9.670.589	14.349.465
Ný langtímalán .....		41.000.000	0
Greiddar afborganir langtímalána .....		(267.969.189)	(233.131.443)
Br. á skuldb. endurvinnslustöðva .....		10.019.016	23.322.788
Fjármögnunarhreyfingar		(207.279.584)	(195.459.190)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		<b>210.920.219</b>	<b>(700.473.888)</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>297.730.517</b>	<b>998.204.405</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<b>508.650.736</b>	<b>297.730.517</b>

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um félagið

SORPA er byggðasamlag og er megin starfsemi félagsins fólgin í meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Lögheimili samlagsins er að Köllunarklettsvegur 1, 104 Reykjavík.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á árinu. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

# Skýringar

## Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samlagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

### Seldar vörur

Tekjur af seldum vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda, en almennt er miðað við afhendingu vöru.

### Veitt þjónusta

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## Styrkir

Styrkir eru færðir til lækkunar á kostnaði.

## Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## 3. Starfspáttayfirlit

Starfsemi samlagsins er skipt í eftirfarandi fjóra starfspætti:

	Gufunes	Álfsnes	Endurvinnslu- stöðvar og grendargámar	Góði Hirðirinn	Samtals
Tekjur .....	4.656.311,277	2.308.462,903	2.428.347,923	661.655,356	10.054.777,459
Innansamlagsviðsk ....	0	0	0	0	(2.276.804,153)
Samtals	4.656.311,277	2.308.462,903	2.428.347,923	661.655,356	7.777.973,306
Laun og launat, gjöld .	958.524,380	474.183,337	685.692,319	365.682,775	2.484.082,811
Rekstrarkostnaður .....	2.947.138,101	1.441.015,862	1.746.051,478	287.333,871	6.421.539,312
Afskriftir .....	410.175,689	238.865,645	0	8.637,184	657.678,518
Fjármagnsliðir .....	26.223,422	206.101,978	(3.395,874)	1,526	228.931,052
Innansamlagsviðsk ....	0	0	0	0	(2.276.804,153)
Samtals	4.342,061,592	2.360,166,822	2.428,347,923	661,655,356	7,515,427,540
Hagnaður (tap) ársins	314.249,685	(51.703,919)	0	0	262.545,766

# Skýringar

## 4. Laun og launatengd gjöld

	<b>2024</b>	<b>2023</b>
Laun .....	2.053.844.540	1.833.149.835
Lífeyrissjóður .....	251.567.462	223.321.415
Önnur launatengd gjöld .....	178.670.809	159.122.794
Laun og launatengd gjöld alls .....	<u>2.484.082.811</u>	<u>2.215.594.044</u>

Fjöldi ársverka á tímabilinu var 162 miðað við 150 á sama tímabili á árinu á undan.

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu um 43,7 mkr á tímabilinu, en um 40,4 mkr á sama tímabili árið á undan.

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers tímabils.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	<b>Fasteignir</b>	<b>Áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
Stofnverð 1/1 .....	7.941.629.876	3.442.178.900	11.383.808.776
Afskrifað alls 1/1 .....	(1.480.456.159)	(1.686.054.195)	(3.166.510.354)
Viðbót á tímabilinu .....	114.851.693	397.561.917	512.413.610
Afskrifað á tímabilinu .....	(266.077.149)	(407.312.558)	(673.389.707)
Selt og niðurlagt .....	0	(243.289.366)	(243.289.366)
Bókfært verð 31/12 .....	<u>6.309.948.261</u>	<u>1.503.084.698</u>	<u>7.813.032.959</u>
Stofnverð alls 31/12 .....	8.056.481.569	3.596.451.451	11.652.933.020
Afskrifað alls 31/12 .....	(1.746.533.308)	(2.093.366.753)	(3.839.900.061)
Bókfært verð 31/12 .....	<u>6.309.948.261</u>	<u>1.503.084.698</u>	<u>7.813.032.959</u>
Afskriftarhlutföll .....	2-20%	10-20%	

Afskriftir færast eftirfarandi:

Í rekstur .....	657.678.518
Til lækkunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva .....	15.711.189
	<u>673.389.707</u>



# Skýringar

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	<b>Fasteigna- mat</b>	<b>Vátrygginga- mat</b>	<b>Bókfært verð</b>
Gufunes, móttökustöð .....	2.172.750.000	2.374.200.000	872.884.590
Gas og jarðgerðarstöðin Álfsnesi .....	3.000.300.000	0	5.112.024.568
Endurvinnslustöðvar .....	331.080.000	218.430.000	325.039.103
	<b>5.504.130.000</b>	<b>2.592.630.000</b>	<b>6.309.948.261</b>

Vátryggingarverð véla, tækja og áhalda samlagsins nam 7.521 mkr í lok tímabilsins.

## 6. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru þau félög sem félagið fer með yfirráð í. Yfirráð eru til staðar þegar félagið á meirihluta atkvæða í öðru félagi eða fer með meirihluta atkvæða af einhverjum ástæðum. Hlutdeildarfélag eru þau félög, þó ekki dótturfélög, sem félagið á verulegan eignarhlut í eða hefur myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þeirra. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut í öðru félagi ef það á a.m.k. 20% eignarhlut í því. Eignarhlutir félagsins í dóttur- og hlutdeildarfélagum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins. Hlutdeild í rekstrarárangri er færð sem áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga í rekstrarreikning.

	<b>%</b>	<b>Nafnverð</b>	<b>Bókfært verð</b>
Metan ehf., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík .....	100,00%	101.000.000	272.743.292
			<b>272.743.292</b>

## 7. Viðskipti við tengda aðila

Í töflunni hér að neðan koma fram heildarviðskipti ársins við tengda aðila:

	<b>2024</b>	<b>2024</b>	<b>2024</b>	<b>2024</b>
	<b>Sala til tengdra aðila</b>	<b>Kaup frá tengd- um aðilum</b>	<b>Lán frá tengd- um aðilum</b>	<b>Lán til tengdra aðila</b>
Eigendur og dótturf. þeirra....	3.523.544.094	262.046.898	25.686.963	378.319.610
Óuppgert v/endurvinnslust....				30.530.805
Óuppgert v/grenndargáma....			1.402.486	
Metan dótturf. SORPU.....	9.834.201	8.160.693	856.353	5.718.575
	<b>3.533.378.295</b>	<b>270.207.591</b>	<b>27.945.802</b>	<b>414.568.990</b>
	<b>2023</b>	<b>2023</b>	<b>2023</b>	<b>2023</b>
	<b>Sala til tengdra aðila</b>	<b>Kaup frá tengd- um aðilum</b>	<b>Lán frá tengd- um aðilum</b>	<b>Lán til tengdra aðila</b>
Eigendur og dótturf. þeirra....	2.737.204.442	240.643.709	20.722.118	414.304.713
Óuppgert v/endurvinnslust....			79.164.009	
Óuppgert v/grenndargáma....			1.402.486	
Metan dótturf. SORPU.....	10.217.559	7.703.973	550.900	4.498.474
	<b>2.747.422.001</b>	<b>248.347.682</b>	<b>101.839.513</b>	<b>418.803.187</b>

# Skýringar

## 8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfurkröfur eru færðar niður í ársreikningnum og nemur niðurfærslan 7,7 mkr. Á tímabilinu eru gjaldfærðar 4,8 mkr. vegna tapaðra krafna og breytinga á niðurfærslu. Breytingin greinist þannig:

	<b>2024</b>	<b>2023</b>
Afskriftareikningur 1/1 .....	2.607.345	1.893.863
Afskrifaðar kröfur á tímabilinu .....	4.795.019	(286.603)
Framlag tímabilsins í afskriftareikning .....	285.796	1.000.085
Afskriftareikningur 31/12 .....	7.688.160	2.607.345

## 9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<b>Stofnfé</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1/1 .....	1.886.962.568	3.887.585.159	5.774.547.727
Hagnaður ársins .....		262.545.766	262.545.766
Eigið fé 31/12 .....	1.886.962.568	4.150.130.925	6.037.093.493

## 10. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Lán og lántökur sem bera vexti eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að frádragnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytinga eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema félagið hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	<b>2024</b>	<b>2023</b>
Lánasjóður sveitarfélaga NVT 3,72% .....	1.466.042.730	1.563.314.204
Íslandsbanki ÓVTR, 11,53% .....	633.333.337	700.000.003
Eignaleigur ÓVTR 10,70% .....	40.842.026	0
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	2.140.218.093	2.263.314.207
Næsta árs afborganir .....	(215.276.100)	(229.997.871)
Langtímaskuldir samtals skv. efnahagsreikningi .....	1.924.941.993	2.033.316.336

Langtímaskuldir greinast þannig:

	<b>2024</b>	<b>2023</b>
Skuldir vegna byggðasamlagsins .....	2.140.218.093	2.250.051.016
Skuldir vegna endurvinnslustöðva .....	0	13.263.191
	2.140.218.093	2.263.314.207

# Skýringar

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2025 / 2024 .....	215.276.100	229.997.871
Afborganir 2026 / 2025 .....	216.350.592	216.734.680
Afborganir 2027 / 2026 .....	217.157.260	216.734.680
Afborganir 2028 / 2027 .....	218.054.602	216.734.680
Afborganir 2029 / 2028 .....	212.844.208	216.734.680
Afborganir síðar .....	1.060.535.331	1.166.377.616
	<u>2.140.218.093</u>	<u>2.263.314.207</u>

## 11. Skuldbindingar

Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telja. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á tímabilinu eru færðar 9,7 mkr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað í lok tímabilsins 161,9 mkr.

Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánunum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á tímabilinu:

	2024	2023
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun .....	340.750.293	357.036.735
Krafa á sveitarf., v/langtímal. endurvinnslust., í ársbyrjun .....	(10.019.016)	(33.341.804)
Afskrift á tímabilinu .....	(15.711.189)	(16.286.442)
Vextir og uppreikningur langtímalána .....	10.019.016	23.322.788
Samtals .....	<u>325.039.104</u>	<u>330.731.277</u>

Skuldbindingin sundurliðast þannig:

	2024	2023
Endurvinnslustöðvar í lok tímabilsins .....	325.039.104	340.750.293
Langtímalán og áfallnir vextir vegna endurvinnslustöðva .....	0	(10.019.016)
Samtals .....	<u>325.039.104</u>	<u>330.731.277</u>

Skuldbinding skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 31.12.2024

		2024	2023
Reykjavíkurborg .....	56,3%	182.985.358	187.253.907
Kópavogur .....	16,0%	51.850.721	53.038.220
Hafnarfjörður .....	12,6%	40.821.267	40.942.934
Garðabær .....	7,9%	25.744.169	25.305.646
Mosfellsbær .....	5,5%	17.720.355	17.998.624
Seltjarnarnes .....	1,8%	5.917.234	6.191.946
Samtals .....		<u>325.039.104</u>	<u>330.731.277</u>

# Skýringar

---

## 12. Leigusamningar

Samlagið leigir verslunar- og skrifstofuhúsnæði undir starfsemi sína. Þessir leigusamningar eru til 10 ára eða ótímabundnir. Leigusamningarnir eru allir tengdir vísitölu neysluverðs. Leigusamningarnir teljast rekstrarleigusamningar og eru leigugreiðslur þeirra gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Samningsbundnar leigugreiðslur eru áætlaðar að falli til þannig á næstu ár:

Leiga 2025 / 2024 .....	142.815.636
Leiga 2026 / 2025 .....	142.815.636
Leiga 2027 / 2026 .....	142.815.636
Leiga 2028 / 2027 .....	142.815.636
Leiga 2029 / 2028 .....	142.815.636
Leiga síðar .....	428.446.908
	<hr/>
	1.142.525.088
	<hr/> <hr/>

# Sundurliðanir

	2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>		
Móttökutekjur.....	725.966.956	2.549.194.950
Endurvinnsluafurðir.....	3.900.798.215	1.495.782.022
Endurvinnslustöðvar.....	2.402.086.427	2.017.915.886
Nytjamarkaðir.....	661.626.117	527.653.652
Aðrar tekjur.....	87.495.591	77.810.459
	<u>7.777.973.306</u>	<u>6.668.356.969</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
<b>Annar starfamannakostnaður</b>		
Slysatryggingar.....	1.900.442	1.833.947
Fæðis- og kaffikostnaður.....	33.958.836	29.350.732
Vinnufatnaður.....	14.082.136	14.481.319
Menntun og námskostnaður.....	8.032.028	14.434.946
Annar starfsmannakostnaður.....	35.704.457	31.342.284
	<u>93.677.899</u>	<u>91.443.228</u>
<b>Rekstur, móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs</b>		
Eyðingargjöld.....	1.041.807.155	281.219.543
Flutningur.....	640.073.588	732.077.915
Véla- og gámaleiga.....	526.925.137	710.196.195
Rekstrarvörur.....	136.964.968	102.806.475
Landleiga og urðunargjald.....	66.264.187	60.392.688
Tækniástoð.....	195.876.767	280.946.012
Viðhald véla og tækja.....	240.351.422	238.947.756
Tryggingar véla og tækja.....	1.374.899	822.737
Aðrar tryggingar vinnsla.....	75.078	698.485
Eftirlitsgjöld.....	12.978.266	1.819.617
	<u>2.862.691.467</u>	<u>2.409.927.423</u>
<b>Rekstur húsnæðis</b>		
Húsaleiga.....	144.401.518	94.388.347
Rafmagn, hiti og kalt vatn.....	102.639.814	88.801.523
Viðhald og rekstur húsnæðis.....	83.952.291	171.786.711
Fasteignagjöld og lóðarleiga.....	101.765.350	96.806.657
Annar húsnæðiskostnaður.....	32.904.853	32.254.441
Snjómokstur / hálkueyðing.....	10.544.454	8.521.265
Viðhald lóðar.....	56.955.324	78.927.151
	<u>533.163.604</u>	<u>571.486.095</u>

# Sundurliðanir

	2024	2023
<b>Kynningarkostnaður</b>		
Auglýsingar, framleiðsla og birtingar.....	99.845.147	88.270.379
Kynningar.....	16.616.054	0
	<u>116.461.201</u>	<u>88.270.379</u>
<b>Rekstur fólksbifreiða</b>		
Eldsneyti.....	6.527.704	6.371.093
Viðhald.....	9.593.516	8.297.870
Skattar og tryggingar.....	6.983.596	5.756.217
Annað.....	1.310.814	12.011
	<u>24.415.630</u>	<u>20.437.191</u>
<b>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</b>		
Ferðakostnaður.....	23.865.067	11.978.372
Ritföng og prentun.....	8.084.338	7.157.695
Símakostnaður.....	12.950.403	10.294.657
Burðargjöld.....	352.682	493.261
Fundakostnaður.....	2.916.789	1.790.032
Bækur og tímarit.....	148.754	169.306
Rekstur tölvubúnaðar.....	214.208.445	247.111.755
Félags- og aðildargjöld.....	6.532.723	4.282.937
Þóknun til endurskoðenda.....	6.798.135	6.097.309
Lögfræðileg aðstoð.....	54.475.058	70.298.638
Aðkeypt þjónusta.....	120.488.806	112.139.336
Innheimtu- og önnur bankaþjónusta.....	10.326.921	6.918.209
Vátryggingar.....	5.431.967	8.840.910
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	4.795.019	426.879
Annar kostnaður.....	42.950.251	10.312.558
	<u>514.325.358</u>	<u>498.311.854</u>
	<u>4.144.735.159</u>	<u>3.679.876.170</u>
Rekstrarkostnaður samtals		
<b>Þóknun til endurskoðenda nánar</b>		
Endurskoðun.....	3.618.145	4.123.560
Innri endurskoðun.....	8.864.040	370.900
Önnur þjónusta.....	3.179.990	1.602.849
	<u>15.662.175</u>	<u>6.097.309</u>

# Fylgigögn með ársreikningi 2024

## Fimm ára yfirlit samlagsins

Rekstur	2024	2023	2022	2021	2020
Rekstrartekjur.....	7.777.973	6.668.357	5.771.984	4.588.474	3.807.780
Rekstrargjöld.....	(6.628.818)	(5.895.470)	(4.463.247)	(3.797.829)	(3.501.372)
Hagnaður f. afskriftir.....	1.149.155	772.887	1.308.738	790.645	306.409
Afskriftir.....	(657.679)	(453.599)	(403.167)	(330.388)	(308.502)
Hagnaður f. fjárm. liði.....	491.477	319.288	905.570	460.257	(2.094)
Fjármagnsliðir.....	(228.931)	(228.464)	(218.219)	(129.317)	(142.039)
Hagnaður ársins.....	<u>262.546</u>	<u>90.824</u>	<u>687.351</u>	<u>330.940</u>	<u>(144.133)</u>

## Efnahagur

Fastafjármunur.....	8.244.789	8.392.947	8.089.401	7.954.285	7.890.178
Veltufjármunir.....	1.261.497	1.280.225	1.506.672	1.028.421	672.061
Eignir samtals.....	<u>9.506.287</u>	<u>9.673.173</u>	<u>9.596.073</u>	<u>8.982.706</u>	<u>8.562.239</u>

Eigið fé.....	6.037.093	5.774.548	5.683.724	4.996.372	4.165.433
Skuldbindingar.....	486.970	482.992	461.606	443.978	430.137
Langtímaskuldir.....	1.924.942	2.033.316	2.135.541	2.240.139	2.397.631
Skammtímaskuldir.....	1.057.281	1.382.317	1.315.202	1.302.217	1.569.039
Eigið fé og skuldir samtals.....	<u>9.506.287</u>	<u>9.673.173</u>	<u>9.596.073</u>	<u>8.982.706</u>	<u>8.562.239</u>

Veltufjárlutfall.....	1,19	0,93	1,15	0,79	0,43
Eiginfjárlutfall.....	63,51%	59,70%	59,23%	55,62%	48,65%
Arðsemi eigin fjár.....	4,45%	1,59%	12,87%	7,22%	-3,61%
Skuldsetningarhlutfall.....	31,89%	35,21%	37,57%	44,84%	57,56%
Ársverk.....	162	150	130	113	113

# Undirritunarsíða

Stjórnarformaður  
Árelía Eydís Guðmundsdóttir



Undirritað af:  
Árelía Eydís  
Guðmundsdóttir  
1610664869  
Dags: 06.03.2025  
Tími: 09:21:04  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e231dcee-  
9a0b-4c84-b774-  
d042777e3868

Stjórnarmarður  
Orri Vignir Hlööversson



Undirritað af:  
Orri Vignir Hlööversson  
2006642139  
Dags: 05.03.2025  
Tími: 11:42:56  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e231dcee-  
9a0b-4c84-b774-  
d042777e3868

Stjórnarmaður  
Valdimar Víðisson



Undirritað af:  
Valdimar Víðisson  
1009783509  
Dags: 05.03.2025  
Tími: 16:20:52  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e231dcee-  
9a0b-4c84-b774-  
d042777e3868

Stjórnarmaður  
Gunnar Valur Gíslason



Undirritað af:  
Gunnar Valur Gíslason  
0603586809  
Dags: 05.03.2025  
Tími: 11:47:54  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e231dcee-  
9a0b-4c84-b774-  
d042777e3868

Stjórnarmaður  
Svana Helen Björnsdóttir



Undirritað af:  
Svana Helen Björnsdóttir  
2012602489  
Dags: 05.03.2025  
Tími: 11:46:27  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e231dcee-  
9a0b-4c84-b774-  
d042777e3868

Stjórnarmaður  
Aldís Stefánsdóttir



Undirritað af:  
Aldís Stefánsdóttir  
0710764829  
Dags: 05.03.2025  
Tími: 12:02:23  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e231dcee-  
9a0b-4c84-b774-  
d042777e3868

Framkvæmdastjóri  
Jón Viggó Gunnarsson



Undirritað af:  
Jón Viggó Gunnarsson  
0110695339  
Dags: 05.03.2025  
Tími: 11:30:41  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e231dcee-  
9a0b-4c84-b774-  
d042777e3868

Endurskoðandi  
Theodór Siemsen Sigurbergsson



Undirritað af:  
Theodór Siemsen  
Sigurbergsson  
0604593049  
Dags: 06.03.2025  
Tími: 14:08:56  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e231dcee-  
9a0b-4c84-b774-  
d042777e3868